

Fuglar og önnur dýr við Vatnsfell hjá Þórisvatni

Kristinn Haukur Skarphéðinsson

Unnið fyrir Hönnun hf

NÍ- 97005

Reykjavík, apríl 1997



Inngangur

Sumarið 1996 óskaði Hönnun hf eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands gerði grein fyrir dýralífi við Vatnsfell hjá Þórisvatni í tengslum við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir á svæðinu, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 30. október 1996. Hönnun hf óskaði síðan eftir því að stofnunin gerði nánari grein fyrir ýmsum atriðum í umsögn sinni, sbr. símbref dags. 14. nóvember 1996. Hér verður því fjallað um þetta mál að nýju og svör við fyrirspurnum Hönnunar hf fléttuð inn í fyrri umsögn.

Vatnsfellsvirkjun

Landsvirkjun hyggst reisa 140 MW virkjun um 2 km fyrir neðan núverandi lokur í Vatnsfellsveitu, sunnan Þórisvatns. Virkjuninni fylgir um 0,6 ferkílómetra veitulón og fráveituskurður í Krókslón (Hönnun 1996).

Almennt um dýralíf

Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að dýralíf, fyrir utan fugla, hafi verið kannað á fyrirhuguðu lónstæði eða í nánasta umhverfi. Samkvæmt upplýsingum Erlings Ólafssonar, skordýrafræðings, hefur hann safnað lítils háttar af smádýrum á uppgræðslusvæði við Veiðivatnaveg, milli Vatnsfells og Þóristinds, drjúgan spöl frá fyrirhuguðum virkjunarstað. Þar fannst afar fátt slíkra dýra.

Miðað við hið rýra gróðurfar á virkjunarsvæðinu við Vatnsfell (Borgþór Magnússon & Ásrún Elmarsdóttir 1996) er líklegt að smádýralíf sé fábrotið. Sennilegt er að minnar og refir ferðist eitthvað um svæðið en ólíklegt er að þeir haldi sig þar að staðaldri. Hliðstæð svæði eru sennilega mörg á þessum slóðum en hafa lítið verið rannsökuð, ef Veiðivötn eru undanskilin.

Athuganir á fuglum

Engar rannsóknir höfðu farið fram á fuglum á þessu svæði fyrir en sumarið 1996 er Náttúrufræðistofnun kannaði fuglalíf við Vatnsfell í tengslum við kortlagningu á útbreiðslu varpfugla (3. júlí). Ákveðið var í samráði við ráðgjafa Landsvirkjunar að kanna fuglalíf sérstaklega á fyrirhuguðu virkjunarsvæði og var það gert hinn 13. júlí 1996.

Á fyrirhuguðu lónstæði vex afar gisinn bersvæðisgróður en vesturhluti Vatnsfells er allvel gróinn. Vatnsfellsveita var þurr en læna rann frá virkjunarstaðnum í Krókslón.

Fuglalíf í lónstæði og nágrenni þess

Einu merkin um fuglalíf í lónstæðinu hinn 13. júlí 1996 var nýlegt drit úr snjótittlingi en hafa verður í huga hversu áliðið var sumars og varp fugla að miklu leyti afstaðið. Hugsanlegt er að snjótittlingur, sendlingur og sandlóa verpi eitthvað í lónstæðinu. Svæðið neðan við fyrirhugaða virkjun var ekki kannað en þar er sennilegt að fuglalíf sé fjölskrúðugra, enda meira um gróður. Þar gætu t.d. orpið gæsir og ýmsir mófuglar.

Gengið var upp á Vatnsfell og svæðið sunnan og vestan þess skoðað. Þar verpa: Heiðlóa, 1 par sunnan fellsins; sendlingur, fullorðinn fugl með tæplega fleygan unga uppi á fellinu; og snjótittlingur, par með unga við grjótgarðinn hjá lokumannvirkjum. Þá fannst nýlegt hræ af rjúpu í Vatnsfelli.

Hliðstæð svæði eru víða á Tungnár - Veiðivatnasvæðinu. Fuglalíf er nú sæmilega þekkt á virkjanasvæðum við Hrauneyjafoss og Sigöldu og er mun fjölskrúðugra en við Vatnsfell. Fuglalíf er hins vegar nánast ókannað við Þórisvatn.

Áhrif framkvæmda á fugla

Ólíklegt er að virkjunarframkvæmdir hafi umtalsverð áhrif á fuglalíf við Vatnsfelli. Í lónstæðinu er afar lítið fuglalíf og það einnig við um næsta nágrenni.

Fyrirhugað miðlunarlón mun sennilega draga eitthvað til sín fugla þótt ólíklegt sé að það verði í verulegum mæli. Eins gæti fuglalíf aukist eitthvað ef reynt verður að græða upp svæðið umhverfis mannvirkin.

Samantekt og tillögur

Fuglalíf á fyrirhuguðu virkjunarsvæði við Vatnsfell er lítið og fábrotið. Neikvæð áhrif framkvæmda á fugla verða því lítil sem engin. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fuglalíf á leið veituskurðarins, neðan virkjunar. Lagt er til að fuglalíf þar verði kannað, svo hægt verði að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda til fulls.

Heimildir

Borgþór Magnússon & Ásrún Elmarsdóttir 1996. Vatnsfellsvirkjun - athugun á gróðri.

Skýrsla til Landsvirkjunar. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. 12 bls.

Hönnun 1996. Vatnsfellsvirkjun - kynning. 6 bls.